

Aðalfundur foreldrafélags Álfhólsskóla haldinn 7. maí 2014 kl. 19.30 í Hjalla Álfhólsskóla.

1. Fundur settur

Guðni Björnsson formaður félagsins setti fundinn kl.20.05.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stungið var upp á Önnu Maríu Bjarnadóttur sem fundarstjóra og Berglind Svavarsdóttur sem ritara og var það samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar

Guðni Björnsson formaður flutti skýrslu stjórnar og fór yfir starfsemi nýliðins árs. 15 fundir voru haldnir á starfsárinu. 2 fulltrúaráðsfundir eru haldnir í september og janúar ár hvert. Helstu viðburðir sem foreldrafélagið stendur fyrir er desemberfjör, páskabingó, vorhátíð, og markaðstorg. Formaðurinn skýrði frá nýju fyrirkomulagi varðandi kjör bekkjarfulltrúa þ.e. að velja þá að vori frekar en að hausti en með því móti telur stjórnin að vetrarstarfið verði mun markvissara. Hann benti á að allar upplýsingar um foreldrafélagið og starfsemi þess væri að finna á heimasíðu skólans þ.á.m. fundargerðir og skýrslur nefnda: alfholsskoli.is/foreldrar

4. Skýrslur nefnda

Sigurður Grétarsson stjórnarmaður flutti skýrslu öryggisnefndar og vinafjölskyldunefndar. Vinafjölskyldunefndin komin verulega stutt af stað en stuðningsaðila vantar.

Fundarstjóri upplýsti að skýrslur nefnda væri að finna á heimasvæði foreldrafélagsins, [skýrslur nefnda](#).

5. Lagabreytingar

Engar fyrirbyggjandi lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

6. Reikningar

Karl Einarsson gjaldkeri félagsins fór yfir ársreikninginn, Staðan er nokkuð góð. Sjá [ársreikningur](#). Reikningurinn borinn upp til samþykktar og samþykktur einróma.

7. Félagsgjald

Ákveðið að halda því áfram í kr. 1750. Einróma samþykkt.

8. Kosning formanns

Guðni Björnsson gaf áfram kost á sér og hlaut einróma kosningu.

9. Kosning annarra stjórnarmanna.

Berglind Svavarsdóttir og Hörður Sigurðsson gengu úr stjórn. Lárus Axel Sigurjónsson tilkynnti úrsögn sína úr stjórn síðastliðið haust og kom varamaðurinn Íris Lena Leósdóttir þá inn í staðinn fyrir hann. Eftirtaldir voru kosnir til tveggja ára: Íris Lena Leósdóttir, Erlingur Snær Erlingsson og Kristín Stefánsdóttir.

Varamenn voru kosnir: Stanislaw Bukowski, Kristín Jónína Rögnvaldsd og Ólafur Guðlaugsson.

10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Karen Elísabet Halldórsdóttir og Kristín Andrea Einarsdóttir verða áfram skoðunarmenn reikninga.

11. Skýrsla skólaráðsfulltrúa

Selma Guðmundsdóttir skólaráðsfulltrúi flutti skýrslu skólaráðs. Hún fór yfir uppbyggingu og samsetningu ráðsins og helstu verkefni skólaráðs. Hún reifaði starfsemi skólaráðsins almennt síðastliðið ár og benti á að allar fundargerðir væri jafnframt að finna á heimasíðu skólans, alfholsskoli.is/skolinn/skolarað/fundargerðir

Selma skýrði frá aukinni tölvueign skólans, fór yfir málefni Dægradvalarinnar, breytingum á fyrirkomulagi kennslustunda á efsta stigi ofl. Þá reifaði Selma einnig fyrirbyggjandi áherslubreytingar innan skólans, þ.á.m. varðandi skólaboðun og námstilhögun.

Fyrirspurn barst um hollustu skólamáltíða og hvort þær uppfylltu þær kröfur sem gerðar væru til heilsueflandi skóla? Svo er talið vera en almenn ánægja virðist vera með skólamáltíðirnar og hollustu þeirra.

Fyrirspurn barst um upphaf skóladags á efsta stigi og bar á nokkurri óánægju með að það fyrirkomulag að skólinn hæfist kl. 8.30 í stað 8.10 hefði ekkert verið kynnt fyrir foreldrum.

12. Kosning í skólaráð

Hólmfríður Einarsdóttir situr áfram í skólaráði sem fulltrúi stjórnar. Selma Guðmundsdóttir gaf kost á sér til setu næstu tveggja ára í skólaráði. Einróma samþykkt. Þá var varamaður kosinn kosinn Ása Sæunn Eiríksdóttir en hinn varamaðurinn mun koma úr röðum stjórnarmanna foreldrafélagsins.

13. Önnur mál

Happadrættisvinningar.

Lárus Axel Sigurjónsson fékk leikhúsmiða fyrir 2 í Borgarleikhúsið og Ólafur Guðlaugsson fékk kvöldverð og gistingu á Hótel Glym fyrir 2.

Formaður kvaddi sér hljóðs og þakkaði fráfarandi stjórn fyrir samstarfið. Jafnframt þakkaði hann öllum þeim sem unnu fyrir foreldrafélagið á einn eða annan hátt.

14. Fundi slitið.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 21.15.